

LÖG

um breyting á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36 4. maí 1993.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskráinnar
forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,
gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Nú telur kirkjugarðsstjórn hagræði að því að sameinast annarri eða fleiri kirkjugarðsstjórnnum og skal slík sameining þá heimil að fengnu samþykki viðkomandi kirkjugarðsstjórna og prófasts eða prófasta.

2. gr.

Í stað orðsins „þjóðminjavörður“ í 2. málsl. 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins.

3. gr.

Í stað orðsins „þjóðminjavörður“ í 2. málsl. 2. mgr. 26. gr. laganna kemur: forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins.

4. gr.

Í stað 1. málsl. 2. mgr. 27. gr. laganna koma tveir nýir málslíðir er orðast svo: Skrá skv. 1. mgr. skal gerð í þremur eintökum. Eitt eintakið geymist hjá kirkjugarðsstjórn, en hin ein-tökin skal senda ársfjórðungslega annars vegar til sóknarprests og hins vegar til legstaðaskrár kirkjugarðaráðs á netinu.

5. gr.

Við 1. mgr. 31. gr. laganna bætist nýr málslíður er orðast svo: Kirkjugarðaráð getur, þar sem svo hagar til að sókn er orðin fámenn og sjaldan eða aldrei hefur verið grafið í kirkju-garði á undanförnum árum, ákveðið að fengnu samþykki biskups Íslands að hætt skuli að grafa í honum og leggja hann niður.

6. gr.

39. gr. laganna orðast svo:

Rekstur kirkjugarða skal greiddur úr ríkissjóði samkvæmt fjárveitingu í fjárlögum. Fram-lagið tekur mið af fjölda látinna næstliðins árs og stærð grafarsvæða. Útreikningur framlags-ins skal byggjast á samkomulagi ríkisins og kirkjugarðaráðs.

Framlag til einstakra garða skal vera í samræmi við úthlutunarreglur er samþykktar eru af kirkjugarðaráði fyrir upphaf hvers fjárhagsárs.

Nr. 138

20. desember 2004

7. gr.

1. mgr. 40. gr. laganna orðast svo:

Til Kirkjugarðasjóðs, sem stofnaður var með 27. gr. laga nr. 21/1963, skulu renna að lágmarki 8% af fjárveitingu til kirkjugarða skv. 39. gr. en að hámarki 12%. Framlag til sjóðsins skal vera í samræmi við úthlutunarreglur sem samþykktar eru af kirkjugarðaráði fyrir upphaf hvers fjárhagsárs. Heimilt er að veita smæstu kirkjugörðum framlag úr Kirkjugarðasjóði í stað hlutdeildar í heildarframlagi til kirkjugarða skv. 39. gr.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005.

Gjört í Reykjavík, 20. desember 2004.

Halldór Ásgrimsson.

Halldór Blöndal.

Markús Sigurbjörnsson.

(L. S.)

Björn Bjarnason.